

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 603, 9. ágúst 2002,
um veiðar í atvinnuskyni.

1. gr.

Á 5. tl. 3. gr. verða eftirfarandi breytingar:

Í stað: „Innfjarðarækja samtals 1.650“ komi: Innfjarðarækja samtals 1.700.

Í stað: „þ.a. Arnarfjörður 500“ komi: þ.a Arnarfjörður 550.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. janúar 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Snorri Rúnar Pálmason.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir hundahald á Akranesi nr. 220/1996.

1. gr.

Peir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald á Akranesi nr. 221/1996, skulu árið 2003 greiða fyrir það kr. 10.000 í bæjarsjóð.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Akraness 26. mars 1996 með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Akranesi nr. 221/1996 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur nú þegar gildi.

Þannig samþykkt í bæjarstjórn Akraness 14. janúar 2003.

Akranesi, 15. janúar 2003.

Jón Pálmi Pálsson bæjarritari.